

## 6. gr.

Sé sildarnót höfð á bátapalli, ber, ef aðstæður leyfa og þörf krefur, að setja hana niður á aðalþilfar eða niður í lest á siglingu.

## 7. gr.

Frárennsli frá nótakassa á bátapalli skal vera riflegt, þannig að sem minnstur sjór bindist þar.

## 8. gr.

Skipstjóra ber að sjá svo um, að á siglingu í slæmum veðrum séu allar hurðir á aðalþilfari hafðar vel lokaðar.

## 9. gr.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt XI. kafla laga nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1963.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1964.

Árið 1964 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 26. gr. l. nr. 40/1963:
 

a. Hjón .....	kr. 2750.00
b. Karlar .....	— 2500.00
c. Konur .....	— 1875.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 28. gr. l. nr. 40/1963:
 

Fyrir hverja vinnuviku .....	— 25.00
------------------------------	---------
3. Í janúar 1964 skal greiða upp í iðgjald samkv. 26. gr. sem hér segir:
 

a. Hjón og karlar .....	— 1400.00
b. Konur .....	— 1000.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1963.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*